

Sumartónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Símon H. Ívarsson
gítar

Jörgen Brilling
gítar

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 17. júlí 2001 kl. 20:30

Símon H. Ívarsson lauk fullnaðarprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og einleikarprófi frá Hochschule für Musik und Darstellende Kunst í Vínarborg hjá prófessor Karl Scheit. Hann starfaði síðan við Tónlistarskólann í Luzern í Sviss, en undanfarin 20 ár hefur Símon kennt við Tónskóla Sigursveins. Auk þess að kenna á hljóðfærið sitt kennir hann kennslufræði og kammermúsik. Símon hefur sótt fjölmörg námskeið, m.a. til Spánar, Ítalíu, Sviss og Austurríki, og þess má geta að Símon hefur hlotið námsstyrki frá ítalska ríkinu. Símon hefur sérhæft sig í Flamenco-tónlist og farið sérstakar námsferðir til Spánar í þeim tilgangi. Hann hefur farið í margar tónleikaferðir bæði hér heima og erlendis, komið fram í útvarpi og sjónvarpi, stjórnað útvarpsþáttum um gítar og gítartónlist og leikið inn á þrjár hljómplötur.

Jörgen Brilling lauk mastersprófi í tónlistar- og listfræði frá Háskólanum í Hamborg og er auk þess lærður tónlistarkennari. Hann stundaði einnig nám í klassískum gítarleik í Hamborg og Moskvu. Brilling hefur tekið þátt í hinum ýmsu tónlistarkeppnum og komist í úrslit í Alþjóðlegri gítarkeppni Norðurlanda í Finnlandi árið 1989 og Alþjóðlegu gítarkeppninni í Frechen í Þýskalandi árið 1993. Hann hefur hlotið skólastyrk frá Johannes Brahms stofnuninni í Hamborg. Brilling hefur leikið með Sinfóníu-hljómsveit Hamborgar, ýmsum kammersveitum og komið fram á mörgum tónlistarhátíðum, meðal annars í Eutin og í Hustum. Þá hefur hann verið ötull við að flytja verk nútímatónskálda. Jörgen Brilling hefur leikið inn á þrjár hljómplötur við mikið lof gagnrýnenda.

Efnisskrá

Ludwig v. Beethoven
1770-1827

Andante con variazioni WoO 44/2
Tema
Tilbrigði I-VI

Jón Ásgeirsson
f. 1928

Þrjú íslensk þjóðlög
Stúlkurnar ganga
Einum unni ég manningum
Þrjú kvæðalög

Gunnar Reynir Sveinsson
f. 1933

Hommage à Django Reinhardt
Agnus Dei Blues
Blik norðurljósanna

Carlo Domencioni
f. 1947

Koyunbaba op.19
Moderato
Mosso
Cantabile
Presto

W.A. Mozart
1756-1791

Ouverture úr La Clemenza di Tito

Gunnar Reynir Sveinsson
f. 1933

Dag skal að kvöldi lofa
Morgunsnerting
Dyntir
Bassastef
Síðdegis Vivace
Dagur í draumi
Hringdans í nóttinni